

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar á grundvelli 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulag Hraunsholts eystra (Hólar - Fitjar).

Breytingin varðar lóð nr. 2 við Túnfit og felst í að bílastæði innan lóðar eru færð úr suðurhorni lóðar í vesturhorn lóðar. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 7. september 2007.

Deiliskipulag Hraunsholts eystra (Hólar - Fitjar).

Breytingin varðar lóð nr. 13 við Lækjarfit og felst í stækkun byggingarreits um 1,7 m² til norðvesturs og nýtingarhlutfall er hækkað úr 0,4 í 0,456 sem nemur 35,8 m² stækkun flatarmáls. Að öðru leyti gilda samþykktir deiliskipulagsskilmálar frá 7. september 2006. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 6. september 2007.

Deiliskipulag Molduhrauns.

Breytingin varðar lóð nr. 1 við Norðurhraun og felst í að byggingarreitur stækkar og gert er ráð fyrir 200 m² viðbyggingu. Fyrirkomulag bílastæða breytist. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 20. september 2007.

Deiliskipulag Hofstaðamýrar.

Breytingin varðar lóð nr. 3 í Löngumýri og felst í að heimiluð verður ný innkeyrsla og bílastæði á norðausturhluta lóðarinnar. Bílastæði á sunnanverðri lóðinni verða felld út. Breytingin var samþykkt í bæjarráði Garðabæjar þann 7. júní 2007.

Deiliskipulagsbreytingar þessar taka hér með gildi.

Garðabæ, 3. desember 2007.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.